



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

OPINBER HEIMSÓKN FORSETA ÍSLANDS OG ELIZU REID TIL SLÓVENÍU

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reid forsetafrú halda í opinbera heimsókn til Slóveníu laugardaginn 27. ágúst. Með í för er Þórdís Kolbrún Gyöfadóttir Reykjavíkur utanríkisráðherra ásamt fulltrúum embættis forseta og utanríkisráðueytis.

Heimsóknin hefst formlega að morgni sunnudagsins 28. ágúst með athöfn á Kongresni-torgi í miðborg Ljubljana, höfuðborg Slóveníu. Borut Pahor Slóveníuforseti og Tanja Pečar, eiginkona hans, taka þar á mótum forsetahjónum. Forseti Íslands leggur blómsveig að minnisvarða um fórnarlömb stríðsátaka en síðan er haldið í forsetahöllina þar sem forsetarnir og sendinefndir eiga fund og ræða við fulltrúa fjölmiðla.

Á sama tíma heimsækir Eliza Reid forsetafrú háskólann í Ljubljana og á þar fund með forystukonum úr menningar- og atvinnulífi Slóveníu.

Síðdegis á sunnudag er haldið í Triglav þjóðgarðinn þar sem þjóðgarðsvörður tekur á mótum forsetahjónum og föruneyti þeirra við vatnið Bohinj. Þar fer fram táknað athöfn þegar forseti Íslands og forseti Slóveníu afhjúpa vináttubekk við vatnið, með áletrun á slóvensku og íslensku. Frá Bohinj er ekið til Bled þar sem forsetahjón halda í bátsferð að Bled-eyju í samnefndu vatni. Loks bjóða forsetahjón Slóveníu til formlegs kvöldverðar við Bled-vatn á sunnudagskvöld.

Mánudagurinn 29. ágúst hefst með heimsókn í slóvenska þingið þar sem forseti og sendinefnd eiga fund með Urška Klakočar Zupančič, forseta þingsins, og öðrum fulltrúum þess. Að því loknu verður móttaka í

húsnæði kjörræðismanns Íslands í Slóveníu, Sonju Smuc, þar sem forseti og utanríkisráðherra ávarpa samkomuna.

Aftur verður haldið til Bled þar sem forseti og sendinefnd eiga hádegisverðarfund með Uroš Brežan, umhverfisráðherra Slóveníu. Eftir hádegi á mánudeginum hefst ráðstefnan Bled Strategic Forum. Forseti situr þar í leiðtogapallborði í kjölfar setningarræðu Ursulu von der Leyen, forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, og utanríkisráðherra tekur þátt í umræðum að því loknu. Að síðustu á forseti fund með Dr Robert Golob forsætisráðherra Slóveníu. Hinni opinberru heimsókn lýkur á mánudagskvöld.

27. ágúst 2022

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249) og Una Sighvatsdóttir sérfræðingur á skrifstofu forseta (895 8885).